

DEILISKRÁNING FORNLEIFA Á BREKKU, ÓLAFSVÍK

VERKEFNISNÚMER: 3256




Dr. Kevin Martin
Fornleifafræðingur
Sóltún 6A, Hvanneyri.
Sími: 7734748
Netfang: irisharch@gmail.com
2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lög um skráningu fornleifa á Íslandi	7
Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni	9
Skoðun á gagnagrunninum Sarpi	10
Skoðun á eldri kortum af svæðinu	11
Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins	15
Ráðleggingar	17
Heimildaskrá	19

*Forsíðumynd: Kort af deiliskipulaginu ásamt rannsóknarsvæði. (KM 2024)

Inngangur



Mynd 1: Staðsetning rannsóknarsvæðisins (rauður punktur) í Ólafsvík, Snæfellsbær (Bing Sat. Basemap)

Í desember 2023 hafði Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt (Urban Arkitektar) fyrir hönd landeiganda í Snæfellsbæ, samband við höfund og óskaði eftir fornleifamati á Brekkunni, Ólafsvík. (Mynd 1). Sveitastjórn Snæfellsbæjar hefur ákveðið að endurskoða skipulag svæðis austast í Ólafsvík, í Brekkunni. Samkvæmt aðalskipulagi er núverandi landnotkun skilgreind sem atvinnusvæði (AT-2) og íþróttasvæði (ÍÞ-3) ásamt opnu svæði (OP). Skipulagssvæðið eru um 7,1 ha að stærð og nær frá Fossabrekku niður að Ólafsbraut, og teygjir sig út fyrir núverandi þéttbýlismörk og opin svæði til norðurs og suðurs. (Mynd 2).

Brekkan er staðsett um 700m austur af Ólafsvík and beint í suður af af Ólafsbraut nr. 574. Rannsóknasvæðið nær til landamerkja í suður að Hvalsá og að malarveginum Dalbraut sem

gengur í gegnum landið til norðausturs og suðvesturs. Til austurs afmarkast rannsóknarsvæðið af hlíðum Lambafells (104m). Til vesturs af rannsóknarsvæðinu er nýleg íbúabyggð ásamt iðnaðar byggingum og hesthús eru í norðaustur. Á rannsóknarsvæðinu er í halla sem gengur niður til norðausturs að sjónum og er mýrlent og blautt sumsstaðar. Hluti svæðis til suðausturs virðist vera nýtt til beitar í dag og eru þar girðingar og nálægð við hesthúsahverfi. **Miðjuhnit** svæðisins eru **64.890244, -23.693933 (64°53'415"N, 23°41'636"W), ISN93: 277.875, 496.014.** Fornleifaskráningin fékk leyfisnúmer **3256** frá Minjastofnun Íslands. Næstu friðuðu fornleifar eru Ólafsvíkurrrétt sem er í 130m suður af viðkomandi svæði. Auk þess eru 845m til suðvestur friðaðar fornleifar Selstaða (Smalakofi/Skepnuhís), (nr. **125-1**) (Mynd 3). Fyrir utan fyrr taldar minjar eru fáar skráðar minjar, fornleifauppgreftir eða rannsóknir sem gerðar hafa verið á svæðinu.

Saga svæðisins

„Samkvæmt Landnámu nam Ólafur belgur land austan Ólafsvíkurennis, ‘fyrir innan Enni til Fróðar’, eins og segir í Hauksbók. Sturlubók Landnámu er nánast samhljóða þessari frásögn, en í Melabók er landnám Ólafs sagt hafa náð ‘frá Einni allt til Stodar’. Á miðöldum var Ólafsvík í eigu Helgafellsklausturs. Jarðarinnar er getið í máldögum klaustursins 1378 og 1397. Heimildir um Ólafsvík eru ekki ýkjs fjöldkrúðugar fyrr en eftir 1687”. (Gunnlaugsson, 1987, 18-20)

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín er Ólafsvík svo lýst árið 1709:


„Það er sjerdeilis einn bær með sinum hjáleigum og búðum og fyrir þessarar jarðar landi er höfnin Ólafsvík, þar sem fyrir vel 20 árum er upptekin höfn fyrir dönsku kaupför, sem besigla þá aflögðu Rifshöfn og hafa, síðan Rifshöfn var so hættilig orðin, sett hjer á kóngsjörðunni Ólafsvík sitt pakkhús til að leggja á land bæði þá dönsku vöru og hina íslensku, meðan hver fyrir sig yrði að biða þess tækifæris að hún mætti hjeðan á farmskipum færð verða til Rifskaupstaðar, þar sem enn nú í dag er sú rjetta krambúðin og kauphöndlunar plátsið” (Magnússonar og Víðalíns, 1931-35, 234).

„Ólafsvík er landnámsbær skv. Landnámu og þar bjó Ólafur belgur sem nam land frá Enni að Fróðá. Ormur hinn mjóvi rekur þó Ólaf í burtu og sest sjálfur að á Fróðá sem verður höfuðból sveitarinnar (Landnámabók 1968). Ólafsvík er þó ekkert kotbýli og var metið á 30 hundruð í

máldaga klaustursins á Helgafelli sem líklega hefur eignast Ólafsvík upp úr árinu 1200 (Eiríkur G. Guðmundsson, Jón Á. Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson 1988)“ - (Csillag, S.E og Hermannsdóttir, A. 2012, 37)



Mynd 2: Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið að Brekku, Ólafsvík í rauðu.



Mynd 3: Friðaðar fornleifar í nágrenni Brekkan á Ólafsvík (Minjastofnun Íslands gagnagrunnur)¹

¹ Athugið að kortið sýnir aðeins friðlýstar minjar í minna en 3 km fjarlægð frá rannsóknarsvæðinu.

Lög um skráningu fornleifa á Íslandi

Eftirfarandi tilvitnanir eru af vefsíðu Minjastofnunar Íslands (www.minjastofnun.is). Þar kemur fram núverandi löggjöf á Íslandi er varða fornleifar (Lög um menningarminjar nr. 80/2012). Allar ráðleggingar varðandi fornleifar sem fram koma fylgja þeim lögum í hvívetna. Frekari skýringar á löggjöfinni má finna í hlekknum hér að neðan.²

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir,

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.

Varðveislustig fornminja eru tvö: friðun og friðlýsing. Fornminjar (forngripir og fornleifar), 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Þá eru skip og bátar eldri en 50 ára sjálfkrafa **friðuð**.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni

Sex fornleifarannsóknir hafa verið skráðar á í nágrenni svæðinsins. Sú sem er næst er var könnun (1750) og (1200). Rannsóknasvæði (1750) inniheldur einnig rannsóknasvæði (3256) en ekkert var skráð (Mynd 4).

- 2019 Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir, (3091) Golfvöllur á Rifi. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags.
- 2017 Edvardsson, R, (1851) Fornleifaskráning strandminja frá Hellnum að Ólafsvík á Snæfellsnesi. Átaksverkefni í fornleifaskráningu strandminja.
- 2017 Guðrun Alda Gísladóttir *et al.*, (2484) Aðalskráning fornminja. Valdar jarðir í Staðarsveit, Brimilsvallahreppi og Breiðavíkurreppi. I, II. Bindi
- 2014 Kristborg Þórsdóttir, (2283), Aðalskráning fornminja á Gufuskálum á Snæfellsnesi.
- 2012 Sindri Ellertsson Csillag og Ásta Hermannsdóttir, (1750) Seljabúskapur á Norðanverðu Snæfellsnesi. Sýrsla I-III
- 2007 Sólveig Guðmundsdóttir Beck, (1200) Deiliskráning í Ólafsvík, Snæfellsnesi.



Mynd 4: Svæði í nágrenni sem sýna fyrri fornleifarannsóknir (3091), (1851), (2484), (2283), (1750) og (1200). Rauði punkturinn sýnir svæðið á Brekku (3256) sem um ræðir (Minjastofnun Íslands, gagnagrunnur).

Skoðun á gagnagrunninum Sarpi, Nafnið.is

Höfundur skoðaði gagnagrunninn Sarp og þar voru engar tilvísanir til fornleifafunda skráð sem tengjast Brekku, Helgastöðum eða Fossárdal í Ólafsvík. Ein tilvísun var í Fossárdal í gagnagrunni Örnefnastofnunar Íslands (nafnid.is) og er sýnt á Mynd 5.

Saga Fróðarhrepps - fjórði hluti (1988)

Ormejni jarða

Fossárdalur.

Fossárdalur (1) er alllangur, mjór en grösugur dalur sem gengur upp með Bugsmúla að vestanverðu; áður mun Múlinn reyndar hafa verið kallaður *Fossárdalsmúli* (2) en eftir að bærinn var kominn í eyði fyrntist það nafn fljótlega. Í lýsingu Nesþinga 1840 segir reyndar, þar sem talað er um *Fossárdalsmúla*: „Austnorðurhorn hans gengur rétt að sæ fram, og kallast þar Bugsmúli.“¹⁰⁴ Yfir dalnum sunnanverðum gnæfir *Tindfell* (3) (679 m).

Bærinn, sem dró nafn af dalnum, stóð skammt fyrir ofan gamla þjóðveginn, austan megin við ána; bæjarhólinn er stutt frá brúnni gömlu og standa tóftabrot nokkur. Nú liggur þjóðleiðin neðar. Fyrir ofan bæjarústirnar er allstór höll og í honum er hellir sem heitir *Fossárdalshellir* (4). Þangað voru oft reknar kindur ef þurfti að hand-sama þær. *Fossárdalsbændur* munu talsvert hafa sótt heyskap upp á Múlan, í *Skollurðarmýri* (5) sem er sunnarlega á Múlanum og nær upp undir *Tindfell*. Um mikilvægi þessa fyrnum má hafa vitnisburð sóknarlýsingarinnar 1840 um *Fossárdal*: „Þar eru útheyisslægjur nokkrar á fjalli, en tún slæmt og lítil útbeit á vetrum.“¹⁰⁵

Utarlega í hliðinni, í norðaustur frá bænum, er *Hjallhóll* (6). Þar hafði *Fossárdalsbóndi* fiskhjáll og standa leifar grjóthleðslunnar enn uppi á hólum.

Fossá (7) á helstu upptök sín í litlu vatni í svonefndum *Vatnshólum* (8). Hún rennur um dalinn og svo sem nafnið gefur til kynna eru í henni fossar nafnkenndir, þótt ekki sé þetta mikið vatnsfall. Hún var sögð ill yfirferðar „...því svaðahella með smáfossom er í öllum botni hennar.“¹⁰⁶ Tvö vöð á henni voru þó nafngreind þótt minningin um þau sé nú líklega fyrir: *Lestavað* (9) og *Lækjarós* (10). Snemma veltu menn líka fyrir sér að brúa *Fossá*. Plúm kaupmaður í Ólafsvík getur þess í riti sínu, sem út kom í Kaupmannahöfn árið 1800 og fyrir hefur verið vitnað til, að hana megi auðveldlega brúa þar sem hún sé mjóst; raunar hafi *Fossárdalsbóndi* stundum haft planka þar yfir til að ganga á.¹⁰⁷ Niðri við sjávarmál er lágur foss þar sem áin rennur um dálitla klöpp og heitir *Sjávarfoss* (11). *Bolafoss* (12) er nokkru ofar, skammt niður undan brúnni gömlu, og er ekki ýkja hár heldur. Nokkru ofar, sunnan og vestan við bæjarstæðið, fellur áin um hvamm sem heitir *Merarhvattnur* (13). Þar er *Merarfoss* (14), öllu hærri og tilkomumeiri en hinir fyrrnefndu og fellur fram af allháu bergi sem

lokar hvamminum að sunnanverðu. Ofarlega í ánni er *Rjúkandi* (15), allhár foss. Fyrir ofan hann er nú stífla og uppistöðulón fyrir *Rjúk-andavirkjun* við Ólafsvík og er vatninu veitt niður eftir í leiðslum.

Sagt er að einhvern tíma fyrir á öldum hafi kerling nokkur búið í *Fossárdal* sem átti tvo syni. Þeir stunduðu nokkuð silungsveiði í *Fossá*. Einhverju sinni, þegar áin var í vexti, segir sagan að þeir hafi drukknad við starf sitt. Þá lagði kerling það á *Fossá* að í henni skyldi aldrei veiðast fiskur framur. Og það virðist hafa ræst því enginn veit til að silungsveiði sé í *Fossá*. - Raunar er það auðskilið því að *Sjávarfoss*, þótt lágur sé, lokar ánni raun fyrir silungi. Hafi einhvern tíma verið veiði í ánni hefur fossinn breyst.

(Frásögn Sigurðar Brandssonar)

Austanvert við *Merarfoss* er *Tæpagata* (16) en gilið austan við hana heitir *Tæpugötugil* (17) og er syðst í hinum eiginlega *Fossárdal*. Ofan við er *Skollurðarmýrin* og hér lá leiðin þangað. Dalurinn austan við *Tindfell* heitir *Tindfellsdalur* (18) en á milli *Tindfellsnúkanna* (19) er *Tindfellsskarð* (20). Hliðin að vestanverðu við *Tindfell* heitir *Selja-dalur* (21) og nær hann niður að *Tæpugötu*. (Eitthvað hefur þetta skolast til á Atlasblaði Landmælinganna því það hefur hér Gerð-ubergsdal og er þó annar slíkur fyrir, nokkru vestar.) Vestan við *Tindfell* rennur vatnslítið gil en milli þess og *Fossár* eru grasi grónar tungur sem heita *Fossárdalstungur* (22). Dalverpið þar fyrir ofan og fyrir suðvestan *Tindfellsnúka* heitir *Dýjabrúnnir* (23).

Skammt undan landi, austan við *Fossá* er *Fossárdalsker* (24); þar eru sagðar hafa verið netlagnir „til forna“. Loks er þess getið að vegurinn frá Ólafsvík og inn eftir hafi legið um svonefnda *Fossárdalsbakka* (25) og inn Múlan.

Mynd 5. Nafnid.is reference to *Fossárdalur* frá *Saga Fróðarhrepps* (1988).


Skoðun á eldri kortum af svæðinu

Höfundur skoðaði eldri kort af viðkomandi svæði til að sjá hvort þau sýndu vísbendingar um fornleifar. Á korti Herföngjaráðs (1905-1915) er bærinn *Helgastaðir* sýndur norður af *Hvalsá* og bærinn *Fossárdalur* er sýndur beggja vegna *Hvalsár*. Líklega er það vegna ónákvæmni (georeferencing) á sögukortinu og því sýnir það rannsóknarsvæðið teygja sig suður af *Hvalsá* sem það gerir ekki í raun. (Mynd 6). Ekkert athyglisvert er sýnt á kortinu fyrir utan möguleg bæjarmörk. Rannsóknarsvæðið gæti áður hafa verið hluti af landi *Helgastaða* eða *Fossárdals*. Þá voru einnig

skoðuð gömul túnakort. Engin túnakort fundust í gangagrunninum skráð á Helgastaði eða Fossárdal.





Mynd 6: Herforingjaráðskort (1905-1915) Rannsóknarsvæðið (3256) sýnt með rauðu. (Landmælingar Íslands).




Mynd 7: Túnakort of Ólafsvík (KM 2023)

Að auki er hér með í skýrslunni túnakort fyrir næsta bæ í Ólafsvík. (Mynd 7). Þá var engin tilvísun í Helgastaði í Jarðarbók. Tilvísanir fundust fyrir Fossárdal suður af Hvalsá. (Mynd 8).



Mynd 8: Jarðabók reference to Fossárdalur (Magnússonar og Viðalíns, 1931-33, 237-238)



Mynd 9. Loftmynd af rannsóknarsvæðinu frá 1945. Rauða örin sýnir staðsetningu landamerkja (3256-1) og rauði hringurinn sýnir upb staðsetningu mannvirki (3256-2, 3256-3, 3256-4), (Landmælinga Íslands)



Mynd 10. Loftmynd af rannsóknarsvæðinu frá 1991. Rauða örin sýnir staðsetningu mannvirki skráða í könnun árið 2024 Nr. 3256 (Landmælinga Íslands)


Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins

Höfundur yfirfór rannsóknarsvæðið á Brekku 30. Apríl 2024. Allt svæðið var gengið og skoðað á einum degi í góðu veðri. Könnunin var framkvæmd með Trimble GeoExplorer 6000 Series handmæli til að skrá mögulegar fornminjar og skráningarupplýsingar fluttar inn í QGIS og lagaðar að svæðinu.

Alls voru 4 mögulegar minjar skráðar (Tafla 1). Það er ekki staðfest að þær séu allar yfir 100 ára gamlar en útfrá formi þeirra og uppbyggingu eru þær greinilega manngerðar. Mannvirki 3256-1 sést á loftmynd af frá 1945 svo hún er að minnsta kosti 80 ára gömul og mögulega eldri og ef hún var gerð fyrir meira en 100 árum gefur það henni verndarstöðu frá minjalögum (Mynd 9). Hinar þrjár (3256-2, 3256-3 and 3256-4) eru ekki greinanlegar á loftmyndinni frá en það gæti verið vegna lélegra myndgæða og því er möguleiki á að finna minjar. Allar mannvirki sjást á loftmynd frá 1991 (Mynd 10). Höfundur hefur bætt þeim við sem mögulegar minjar sem rannsaka eigi nánar áður en frekari framkvæmdir fara fram í grennd þeirra.

Nr	Teg.	Hættumat, Hætta	Ástand	Aldur	Friðlýst	Mótv.
3256-1	Garðlag	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt	Frá 1945 mögulega eldri	Nei	Rannsókn
3256-2	Barð við skurð	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt	Frá 1945? mögulega eldri	Nei	Rannsókn
3256-3	Barð við skurð	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt	Frá 1945? mögulega eldri	Nei	Rannsókn
3256-4	Barð við skurð	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt	Frá 1945 mögulega eldri	Nei	Rannsókn

Tafla 1. Tafla yfir skráðar fornleifar/minjar í landi Brekka, Ólafsvík



Mynd 11: Minjar sem fundust við fornleifarannsóknina staðsettar við rannsóknarsvæðið. (KM 2024)

Ráðleggingar

Allar mögulegar minjar sem eru skráðar (3256-1, 3256-2, 3256-3, 3256-4) ætti að forrannsaka og meta svo framhaldið. Þegar rannsaka þarf einfaldar fornleifar eins og túngarða eða svipuð mannvirki er oft gerður þverskurður gegnum þau og snið teiknað upp. Við þá vinnu finnast stundum munir sem gefa vísbendingu um aldur. Svæðið er myndað og leitað er eftir gjóskulagi til að aldursgreina ef þurfa þykir.

Mögulega eru aðeins garðlag (3256-1) og barð mannvirki (3256-2), (3256-3), (3256-4) í hættu vegna tilvonandi framkvæmda. Landeigendur eru meðvitaðir um þessar minjar og hefur þegar verið tilkynnt um staðsetningu þeirra. Líklega má sneiða hjá fornleifum í flestum ef ekki öllum tilfellum, en ef ekki þarf að bregðast við því. Bent er á að allar minjar eldri en 100 ára séu friðaðar og þeim fylgir friðunarsvæði 15 m frá ystu mörkum þeirra. Sjá meðfylgjandi fornleifaskrá fyrir frekari upplýsingar.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til, með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands fyrir raski á minjum í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfang og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Ef talið sé að öryggi minjanna verði ekki tryggt þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Samkvæmt íslenskum lögum um menningarminjar skal eftirfarandi reglum fylgt finnast fornminjar.³

Fundur fornminja

Finnast fornminjar (forngrípir eða fornleifar) sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökla, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

³ <https://www.minjastofnun.is/minjar/fridadar-fornleifar/>

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Heimildarskrá

Annálar 1400-1800. 1-8. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1927-1932.

Csillag, S.E og Hermannsdóttir, A. 2012. **(1750)** *Seljabúskapur á Norðanverðu Snæfellsnesi*. Sýrsla I-III

Edvardsson, R. 2017. **(1851)** *Fornleifaskráning strandminja frá Hellnum að Ólafsvík á Snæfellsnesi. Átaksverkefni í fornleifaskráningu strandminja*.

Gísladóttir, G.A et al., 2017. **(2484)** *Aðalskráning fornminja. Valdar jarðir í Staðarsveit, Brimilsvallahreppi og Breiðavíkurhreppi. I, II. Bindi*

Guðmundsdóttir, S.B, 2007. **(1200)** *Deiliskráning í Ólafsvík, Snæfellsnesi*.

Gunnlaugsson, G.A. 1987. *Saga Ólafsvíkur, Fyrri Bindi. Fram um 1911*. Akranes.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1925-1927, Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Tetzchner, R.K og Traustadóttir, R. 2019. **(3091)** *Golfvöllur á Rífi. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*.

Þórsdóttir, K. 2014. **(2283)**, *Aðalskráning fornminja á Gufuskálum á Snæfellsnesi*.

<http://www.minjastofnun.is/minjar/>

www.sarpur.is

www.nafnið.is

www.islandskort.is

www.lmi.is

<https://www.map.is/minjastofnun/>

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>




Mynd 12: Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið að Brekku séð til norð vesturs. Ólafsvík sést í bakgrunni (KM 2024)



Mynd 13: Rannsóknarsvæðið að Brekku séð til norðurs. Garðalag 3256-1 sést greinilega í miðju rannsóknarsvæðisins (KM 2024)



Mynd 14: Nærmynd af mannvirki 3256-1 sem sýnir þversnið þess (KM 2024)



Mynd 15. Mannvirki 3256-1 séð til norðurs. Landamerkin hafa hrunið á þessu svæði. Sjá 2m stiku á myndinni (KM 2024)



Mynd 16. Barð við skurð ruðningur 3256-2 horft til suð vesturs (KM 2024)




Mynd 17. U-laga mannvirki 3256-3 staðsett í suð-austur hluta rannsóknarsvæðisins (KM 2024)




Mynd 18. Mannvirki 3256-4 staðsett í suðaustur hluta rannsóknarsvæðisins (KM 2024)


Aðal nr.	3256-1
Sysla	Snæfellsnes-og Hnappadalssýsla
Sveitarfélag	Snæfellsbær
Landareign	Brekka
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	30.01.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 277889, N 495999
Tegund Minja	Garðlag
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1945? Mögulega eldri
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	staðsett í miðju rannsóknarsvæðisins
Lýsing	L-laga garðlag, Túngarður liggur norður til suðurs 109m og beygir svo hornrétt til austurs 101m. Það eru tvö augljós op á honum. Eitt gat 2.5m er á N-S hlið og eitt 2m gat er á austari enda A-V garðsins. Túngarðurinn er frá 0.8-1m hár og allt að 2m breiður grunnurinn. Virðist vera gert úr grjóti og torfi og rúnað að ofan og beinar til aflíðandi hliðar.
Annað	Þetta mannvirki sést á loftmynd frá 1945 af svæðinu. Er þó mögulega eldri.



Aðal nr.	3256-02
Sysla	Snæfellsnes-og Hnappadalssýsla
Sveitarfélag	Snæfellsbær
Landareign	Brekka
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	30.01.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 277999, N 495939
Tegund Minja	Barð við skurð
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1945? Eða mögulega eldra
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	staðsett um 40m suður af 3526-1 í suðaustari hluta rannsóknarsvæðisins.
Lýsing	Jarðruðningur og skurður sem gætu verið frá nýrri tímum en eru skráð með hér þar sem þær gætu verið eldri. Formið eru línulaga ruðningur 19.6m langur og 3m breiður liggur norðaustur til suðvesturs. Hæð ruðningsins er allt að 1m. Skurðurinn liggur til suðurs og er grunnur 0.25m and 1.4m á breidd.
Annað	Mögulega tengt næsta skurði sem liggur austur til vesturs í gegnum rannsóknarsvæðið. Þetta mannvirki hefur verið skráður hér til öryggis en er ekki aldursgreindur.



Aðal nr.	3526-03
Sysla	Snæfellsnes-og Hnappadalssýsla
Sveitarfélag	Snæfellsbær
Landareign	Brekka
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	30.01.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 277991, N 495929
Tegund Minja	Barð við skurð
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1945? Mögulega eldra
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	staðsett um 40m suður af 3526-1 í suð austur hæuta rannsóknarsvæðisins.
Lýsing	U-laga jarðruðningur. Mögulega tengt skurði í nágrenni. The mannvirki er 11.5m á lengd og 2.9m á breidd og allt að 1m á hæð. Skurðurinn er 0.8m breiður.
Annað	Mögulega tengt næsta skurði sem liggur austur til vesturs í gegnum rannsóknarsvæðið. Þetta mannvirki hefur verið skráður hér til öryggis en er ekki aldursgreindur.



Aðal nr.	3526-04
Sysla	Snæfellsnes-og Hnappadalssýsla
Sveitarfélag	Snæfellsbær
Landareign	Brekka
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	30.01.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 277978, N 495935
Tegund Minja	Barð við skurð
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1945? Eða mögulega eldri
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	staðsett um 40m suður af 3526-1 í suð austur hluta rannsóknarsvæðisins.
Lýsing	Línulaga jarðruðningur 11m x 3m. Mögulega framlenging af 3256-2. Ruðningur allt að 1m á hæð. Grunur skurður til suðurs 1.3m á breidd, 0.5m dýpi.
Annað	Mögulega tengt næsta skurði sem liggur austur til vesturs í gegnum rannsóknarsvæðið. Þetta mannvirki hefur verið skráður hér til öryggis en er ekki aldursgreindur.

